

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/173*  
*komudagur 19.10.2012*

**From:** Tunnan prentþjónusta ehf. [<mailto:tunnan@tunnan.is>]

**Sent:** 20. október 2012 16:09

**To:** [johannes@skarpur.is](mailto:johannes@skarpur.is); Sigrún Helga Sigurjónsdóttir; [postur@fjolmdlanefnd.is](mailto:postur@fjolmdlanefnd.is); [rzg@huni.is](mailto:rzg@huni.is); [skessuhorn@skessuhorn.is](mailto:skessuhorn@skessuhorn.is); [feykir@nyprent.is](mailto:feykir@nyprent.is); [skarpur@skarpur.is](mailto:skarpur@skarpur.is); [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

**Subject:** svar

Sæl Sigrún Helga

Það sem ég hefði viljað koma á framfæri og “banna” Ríkisútvarpinu að gera er að “sækja” sér auglýsingar.

Það sem hefur gerst nú undanfarin ár er að ríkisútvarpið hefur verið að feta sig inn í aðferð sem héraðsfréttablöð hafa notað í áratugi til að afla sér auka tekna.

Aðferðin er sú að blöðin hafa “betlað” út úr fyrirtækjum kveðjum í tilefni jóla, sumarkomu, sjómannadags og fleiri atburða og birt sem auglýsingar.

Ríkisútvarpið hefur verið með starfsmann á sínum vegum að hringja í fyrirtæki í tengslum við spurningaþættina “Útsvar” þar sem boðið er upp á að vera með í kveðju og ósk um gott gengi í næsta þætti. Þetta kosta kr. 30.000 + vsk. og er útvarpið að hala inn 100-500þ á viku á slíku betli á okkur sveitavarginn.

Þarna er útvarpið komið í samkeppni við “local” fyrirtæki um brauðmola.

Þarna finnst mér verið að fara á svig við IV kafla, 14. grein um tekjur/ Tekjustofna, þar sem segir í 4.

lið. “Við öflun eigin tekna skal Ríkisútvarpið gæta jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum þess og byggja ætíð á málefnalegum sjónarmiðum og starfa í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti.”

( Ég gerði þetta viljandi að gera “Reply to All” ef ske kynni að fleiri hefðu sömu sögu að segja!)

*kv. Albert Gunnlaugsson*

ritstjóri og eigandi héraðsfréttablaðsins Hellunnar í Fjallabyggð

*kv. Albert Gunnlaugsson*

Tunnan prentþjónusta ehf.

Lækjargata 9 B

580 Siglufjörður